



RANGÁRÞING EYSTRÁ

GJALDSKRÁ FYRIR KATTAHALD Í ÞÉTTBÝLI RANGÁRÞINGS EYSTRÁ

1. gr.

Skrá skal alla ketti í þéttbýli Rangárþings eystra skv. 3. mgr. 2. gr. samþykktar um kattahald í Rangárþingi eystra. Skráningargjald skal vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu. Árgjald er kr. 1.500 og greiðist á hverju ári eftir skráningarárið.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 5. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti en síðan hækkar það í kr. 5.000 ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða frá fyrri handsömun.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Rangárþingi eystra frá 14. júní 2012. Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 13. desember 2018

Anton Kári Halldórsson,
sveitarstjóri Rangárþings eystra